

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður er gjald vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2004 ákveðið kr. 120.000. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf.

Gjald fyrir þátttöku í seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.
Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 858.827.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 61.814.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2003 og gildir til 30. nóvember 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 31. október 2003.

F. h. r.
Marianna Jónasdóttir.

Elva Ósk S. Wium.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Fjarðabyggðar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum, önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.